

**Ed. 1060. Frumvarp til laga**

um vernd barna og unglunga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 799 með þessum breytingum:

12. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það skipað 3 mönnum og eiga heima í Reykjavík. Einn skal skipaður skv. tillögu Prestafélags Íslands, annar samkv. tillögu Sambands íslenskra barnakennara, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins, en að öðru leyti skiptir ráðið með sér störfum. Á sama hátt skulu skipaðir jafnmargir varamenn. Ritari heldur fundarbók um störf ráðsins. Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu barnahæli né vera í stjórn þess.

Ráðherra ákveður þóknun barnaverndarráðsmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði af ráðinu úr ríkissjóði.

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

16. gr. hljóðar svo:

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á heimili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

33. gr. hljóðar svo

Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka. Skytt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum a. m. k. tvisvar á ári.

37. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstígum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35 gr. getur, fer skv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

43. gr. hljóðar svo:

Barnaverndarnefnd er skytt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með kvikmyndasýningum, leiksýningum og öðrum opinberum sýningum. Er þeim, sem veita slíkum sýningum forstöðu, skytt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni sýningar á undan almennungi. Ef barnaverndarnefnd telur sýningu skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Skulu þá forstöðumenn sýningar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Í Reykjavík — og víðar, ef þörf gerist, — er ráðherra heimilt að skipa eftirlitsmann kvikmynda og annan til vara að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Annast hann skoðun allra kvikmynda, sem þar eru sýndar, og úrskurðar um þær með sama hætti og áður segir um barnaverndarnefnd. Úrskurð sinn stimplar eftirlitsmaður á seðil, er fylgir hverri mynd, og gildir úrskurðurinn um þá mynd, hvar sem er á landinu. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaftirlitsmanni (barnaverndarnefndarmanni, sbr. 1. mgr.) þóknun þá, er ráðherra ákveður fyrir hverja mynd.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum eru settar samkv. ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

56. gr. hljóðar svo:

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnahæla og uppeldisstofnana á landinu og beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglíngum hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skytt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni eða lækni, sbr. 57. gr., færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 50. gr., 3. mgr.